

## Jafnréttisáætlun Leikskólans Sólvalla 2019 – 2022

Leikskólinn Sólvellir starfar eftir jafnréttisáætlun Grundarfjarðarbær sem samþykkt var í bæjarstjórn 7. apríl 2016, [http://grundarfjordur.is/Files/Skra\\_0076360.pdf](http://grundarfjordur.is/Files/Skra_0076360.pdf). Markmið hennar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum möguleikum kvenna og karla. Jafnréttisáætlun leikskólans Sólvalla tekur til nemenda, foreldra og starfsmanna. Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast af gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Þar er því sérstaklega beint til skólayfirvalda og forstöðumanna uppeldisstofnana að vinna að því að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi og veita börnum og unglingum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framfarir öðru góðan starfsanda.

### Leikskólastarf, nemendur, foreldrar og starfsfólk:

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008, í lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu kvenna og karla 23. grein og í Aðalnámskrá leikskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika, hvergi í skólastarfinu ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Í lögum um leikskóla er sérstaklega kveðið á um að starfshættir leikskóla skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og arfleifð íslenskrar menningar.

#### Kennslu og námskröfur í skólastarfi:

- Gera sömu kröfur til drengja og stúlkna
- Stuðla að því að stúlkur og drengir leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum
- Huga að því að tala ókynbundið til barnanna, nota frekar orðin börn eða krakkar í stað drengir/stúlkur
- Stuðla að samleik og vináttu milli stúlkna og drengja

- Forðast staðalímyndir og passa að jafnvægi sé á milli kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í bókum og söngtextum
- Leitast við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum, hópastarfi og öðru starfi
- Tryggja að kennslu og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

### **Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni**

- Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni er með öllu óheimil og skal yfirmaður gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynferðislega og kynbundna áreitni.
- Tilkynninga - og verkferlar þurfa að vera skýrir í skólunum og aðgengilegir fyrir starfsmenn
- Veita skal starfsfólki fræðslu annað hvert ár um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni og um viðeigandi hegðun og samskipti kynja. Verkferlar kynntir og hvert skuli leita ef slíkt áreitni eða ofbeldi kemur upp. Fræðsla skal veitt nýjum starfsmönnum þegar þeir byrja í starfi
- Við ráðningu starfsmanna er sérstaklega gætt að því að fylgja ákvæðum laga um leikskóla nr. 90/2008, 3. mgr. 6. gr. sem segir að „Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningar-laga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.“
- Starfsfólk skóla skal vera sífelld vakandi fyrir því að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í skólanum, hvort heldur af hendi annarra starfsmanna eða aðila sem tengjast eða koma að skólastarfinu.
- Starfsfólk skóla skal vera sífelld vakandi fyrir því að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í skólanum, hvort heldur af hendi annarra nemenda, starfsfólks eða annarra aðila sem tengjast eða koma að skólastarfinu.

- Veita skal nemendum í samræmi við aldur fræðslu um jafnrétti og siðferðileg samskipti kynjanna. Fylgja skal markmiðum aðalnámskrá og ákvæðum skólanámskrá.

### Í foreldrasamstarfi er mikilvægt að:

- Stuðla að góðu samstarfi við báða foreldra
- Leggja áherslu á að báðir foreldrar mæti í foreldraviðtöl og taki þátt í öðru foreldrasamstarfi
- Beina upplýsingum til beggja foreldra og hringja jafnt í föður og móður ef með þarf.

### Starfsmenn leikskóla

- Stuðla skal að því að karlar jafnt sem konur ráðist til starfa og skulu jafnréttissjónarmið, til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið, lögð til grundvallar við ráðningar starfsmanna. Leitast skal við að meta ólík starfsvið, ólíka reynslu og menntun karla og kvenna.
- Í lögum um leikskóla kemur fram að starfsfólk leikskóla skuli rækta starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Jafnframt að starfsfólk skuli gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.
- Í anda jafnréttislaga eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Gert er ráð fyrir að báðir foreldrar sinni veikindum eigin barna.
- Starfsmenn fái fræðslu um nýjungar á sviði jafnréttismála, taki þátt í umræðu og kynni sér rannsóknir og skóla sem náð hafa árangri.
- Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars og stöðu að öðru leyti. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja.
- Lögð skal áhersla á að hafa opna umræðu um jafnréttismál.
- Þar sem starfsmenn eru færri en 25 á jafnréttisáætlun Grundarfjarðarbæjar að vera okkar áætlun um hvernig fylgja á greinum 19 - 22

Greinar 19 – 22:

19. gr. Launajafnrétti. Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun. Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum. Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs. Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

22. gr. Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni. Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nepar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum. Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir